

Fundargerð 6. Stjórnarfundar, þriðjudaginn 14. Ágúst 2018

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Fjarverandi: Gunnar Svavarsson og Fjóla Signý Hannesdóttir

Formaður setti fund klukkan 16:15 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Engin rafræn atkvæðagreiðsla á tímabilinu. Síðasta fundargerð samþykkt

2. Samantekt afreks og framkvæmdastjóra á helstu verkefnum liðnum og framundan

Farið var yfir afreksstarf FRÍ fyrri hluta ársins en það voru kynnt atriði úr skýrslu sem var unnin og send ÍSí. Einnig var farið yfir árangur á erlendum mótum sumarsins.

Guðmundur fór yfir verkefni í gangi og næstu verkefni, en núna eru 9 keppendur í Manchester og framundan eru nokkur mót bæði innanlands og erlendis. Kári Steinn mun aðstoða Guðmund með undirbúning fyrir NM Cross þar sem ekki hefur verið ráðinn verkefnastjóri á skrifstofuna en það mál er í vinnslu.

3. Tilnefning til EAA verðlauna, skv. pósti

Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi út tölvupóst til forsvarsmanna félaganna og óskað eftir tilnefningum, en það er árlega óskað eftir tilnefningum í þrjá flokka og okkar fulltrúar hafa hlotið verðlaun undanfarin ár.

4. Ráðningarferli, staða

Viðtöl í gangi og væntanlega verður gengið frá ráðningu á næstu dögum.

5. Umbun til yfirdómara FRÍ

Tillögur ræddar í stjórn. Í framhaldinu var rædd uppsetning á listum yfir dómara sem hafa réttindi og hvernig best er að halda utanum réttindi dómara. Ákveðið að vísa til tengiliðs dómaranefndar í stjórn FRÍ (GB) til að koma málinu áfram og vera í sambandi við nefndina og óska eftir tillögum

6. Fundardagskrá haustsins:

- Nefndarfundir – stefnt á fljótlega í september – verður sent út fundarboð
- Uppskeruhátíð

Rætt um hvernig form og hvenær ætti halda. Tveir úr stjórn taka að sér að kanna hvernig best er að standa að þessu og hvort það ætti að hafa uppskeruhátíð og formannafund saman

- Formannafundur

Á hann að tengjast uppskeruhátíð eða á að halda hann sérstaklega

- Starfsfundur stjórnar – seinnipart dags í góðu umhverfi – 10., 11. Eða 12. September.

Fundi slitið um 18:20.

Fundarritari: Guðlaug Baldvinsdóttir